

## Skólaráðsfundur 25. maí 2010

Fundinn sátu:

Óskar Björnsson, Guðbjörg Helgadóttir, Elísabet Gunnarsdóttir, Steinunn Jónsdóttir, Inga Lára Sigurðardóttir, Elísabet Haraldsdóttir og Hallfríður Sverrisdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Skóladagatal 2010-2011
2. Skipulag næsta skólaárs
3. Aðbúnaður Árskóla
4. Önnur mál

1. Skóladagatal 2010-2011.

Rætt um skóladagatal næsta skólaárs. Skólaráð gerir engar athugasemdir.

2. Skipulag næsta skólaárs.

Rætt um áætlun næsta skólaárs, en skólinn hefur sótt um þrískiptingu á 1. bekk sem kemur inn í haust vegna fjölda og einnig hefur verið óskað eftir þrískiptingu á núverandi 4. og 5. bekk af sömu ástæðu. Ekki er hægt að ganga frá skipulagi næsta vetrar fyrr en svar hefur fengist frá sveitarstjórn.

3. Aðbúnaður.

Umræða um aðbúnað í skólanum. Búið er að hanna sófaaðstöðu fyrir nemendur á göngum skólans, en eins og staðan er í dag er engin aðstaða innandyra fyrir nemendur í frímínútum. Ljóst er að kostnaður við kaup á sófum er of mikill til að það verði leyst án aukafjármagns frá sveitarfélaginu. Umræða um uppsetningu á skjávörpum í stofur, gluggatjöld sem myrkva, skilrúm til að loka af tónmenntastofu í kjallara og frágang í kringum nýuppsett leiktæki á lóð skólans, en enn á eftir að setja gúmmímottur undir tækin til að tryggja öryggi nemenda.

4. Önnur mál.

Umræða um skólaferðir nemenda sem nú er flestum lokið. Flestir bekkir fara í dagsferðir, en 7. og 10. bekkur fóru í lengri ferðir, sem árgangarinir söfnuðu fyrir. 7. bekkur fór í 3ja daga ferð um Suðurland og 10. bekkur í 5 daga ferð til Danmerkur og Svíþjóðar. Mikil ánægja er með þessar ferðir.

Þessi fundur var lokafundur skólaársins 2010-2011..